Nr. 66.
3. nóv.

Lög

um

breytingu á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breytingu á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr. laganna orðist svo:

Auk þeirra þjóðvega, sem taldir eru í 3. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera þjóðvegur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, milli lögsagnarumdæmanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.